

## **Fundargerð**

14. fundur stjórnar

Starfsárið 2021-2022

18. febrúar 2022

**Viðstödd eru:** Þorbjörg, Þórhildur, Agnes, Edda, Óli Alex, Daníel (framkv. stj.) og Tinni (fulltrúi ungmennaráðs). Forföll boða: Bjarndís, Sigga Ösp og Andrean.

**Fundargerð ritar:** Daníel E. Arnarsson

**Fundur settur:** 16:20

### **1. Samþykkt fundargerðar**

Fundargerð hefur þegar verið samþykkt á Slack-rás stjórnar.

### **2. AUS**

Samtökin '78 hafa verið þátttakandi hjá AUS (Alþjóðleg ungmennaskipti) í ICYE verkefni þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vinna erlendis. AUS hefur boðið Samtökunum að taka þátt í ICYE-ESC sem er evrópuverkefni en ekki alþjóðlegt. Samþykkt samhljóða.

### **3. Ráðgjöf**

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um stöðu ráðgjafabjónustunnar. Þorbjörg minnst á atriði úr aðgerðaráætlun er viðkemur móttöku nýrra ráðgjafa. Unnið áfram. Einnig ræðir stjórn þörf á nýjum stuðningshópi. Vísað til framkvæmdastjóra.

### **4. Reykjavíkurborg og félagsmiðstöð**

Ræddum samninginn við Reykjavíkurborg og stöðuna í félagsmiðstöð.

Hinsegin félagsmiðstöðin opnaði aftur, eftir Covid lokun, núna í vikunni. Opnunin gekk mjög vel.

### **5. Landsþing hinsegin fólks**

Dagskrá verður kynnt opinberlega á morgun, laugardag.

### **6. Heiðursmerki**

Stjórn hefur ákveðið að gefa heiðursmerki sitt á landsþingi hinsegin fólks. Heiðursmerkjahafi er trúnaðarmál.

**Fundi slitið: 18.15**